



Opportunity jeppinn á Valentínusardegi árið 2014

ESP_035408_1775



HIGH RESOLUTION IMAGING
SCIENCE EXPERIMENT
UAHIRISE.ORG



Hér sést nýjasta mynd HiRISE af Opportunity jeppanum á Solander Point, þar sem hann varði nokkrum vikum við könnun á Pinnacle steininum (hinum svonefnda „jelly donut“) sem hjól jeppans hafði snúið við. Við skipulögðum þessa myndatöku þegar „nýi“ steinninn sást fyrst, en ein tilgátan var sú að hann hefði losnað við nýlegan árekstur. Við sjáum engin augljós merki um nýlega gíga á myndinni en nákvæmari samanburður á henni og eldri myndum gæti leitt í ljós minniháttar breytingar (fyrir utan staðsetningu jeppans).